



Söngur eða tal?
**Túlkun íslenskra kvenna á söng og babbli barns
með japönsku að móðurmáli**

Anna Guðrún Jónsdóttir

Lokaverkefni til BA-prófs
Háskóli Íslands
Menntavísindasvið



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Söngur eða tal?

***Túlkun íslenskra kvenna á söng og babbli barns með
japönsku að móðurmáli***

Anna Guðrún Jónsdóttir

Lokaverkefni til BA-prófs í þroskaþjálfarafræði
Leiðsögukenndari: Helga Rut Guðmundsdóttir

Íþróttá-, tómsunda- og þroskaþjálfadeild
Menntavísindasvið Háskóla Íslands
Júní 2012

Söngur eða tal? Túlkun íslenskra kvenna á söng og babbli
barns með japönsku að móðurmáli

Ritgerð þessi er 10 eininga lokaverkefni til BA-prófs við
Íþróttá-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild, Menntavísindasviði
Háskóla Íslands.

© 2012 Anna Guðrún Jónsdóttir

Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfundar.

Prentun: Samskipti ehf.

Reykjavík, Ísland 2012

ÚTDRÁTTUR

Í þessu verkefni verður fjallað um söng og babbl ungbarna á máltökustigi og hvernig fullorðnir flokka hljóð sem ungbörn gefa frá sér í tal eða babbl annars vegar og söng hinsvegar. Fjallað verður um talmál sem helsta tæki mannsins til að hafa samkipti. Eðli talmáls verður útskýrt og þróun málþroska ungra barna lýst með tilliti til aldurs þeirra. Sambandið milli babbls og talmáls ungbarna verður kynnt auk þess að þróun talmáls út frá babbli verður skoðuð. Þá verður fjallað um rannsóknir sem gerðar hafa verið sem sýna fram á aukinn þroska, þar með talinn málþroska, með tónlistarnámi. Greint verður frá rannsókn sem kannaði túlkun íslenskra kvenna á babbli og söng ungbarns með japönsku að móðurmáli. Rannsóknin er hluti af samstarfsverkefni milli nokkurra landa og á uppruna sinn í Japan. Þátttakendur voru 33 konur sem hlustuðu á upptöku þar sem japanskt barn ýmist babblaði eða söng. Þátttakendur merktu við á þar til gerðu blaði hver þeirra túlkun var á hljóðunum. Niðurstöður leiddu í ljós að ekki var mikill munur á milli svara mæðra annars vegar og barnlausra kvenna hins vegar. Þátttakendur svöruðu þannig að um söng væri að ræða þegar barnið í upptökunni var að syngja og að um tal eða babbl væri að ræða þar sem barnið var að tala. Munur var á milli íslenskra og japanskra kvenna þar sem japanskar konur voru öruggari í að greina tal en þær íslensku.

EFNISYFIRLIT

ÚTDRÁTTUR	3
TÖFLUSKRÁ	5
MYNDASKRÁ	5
FORMÁLI	6
1 INNGANGUR	7
1.1 TALMÁL SEM SAMSKIPTALEIÐ	7
1.2 EÐLI TALMÁLS	7
1.3 ÞRÓUN MÁLÞROSKA OG SAMSKIPTA Á FORMÁLSSTIGI	8
1.3.1 Nýburastig.....	9
1.3.2 2-3 mánaða	10
1.3.3 4-8 mánaða	12
1.3.4 8 mánaða og eldri.....	12
1.4 SAMBAND MILLI BABBLIS OG TALMÁLS UNGBARNA.....	13
1.5 TÓNLIST OG TALMÁL	14
1.5.1 Skynjun og túlkun hljóða.....	14
1.5.2 Úrvinnsla tónfalls í framburði.....	15
1.5.3 Úrvinnsla hendinga.....	16
1.6 ÁHRIF TÓNLISTARNÁMS OG HLUSTUNAR Á TÓNLIST	17
1.7 RANNSÓKNIR Á BABBLI OG SÖNG UNGBARNA	18
2 AÐFERÐ	19
2.1 ÞÁTTTAKENDUR.....	19
2.2 GAGNASÖFNUN.....	20
2.3 ÚTBÚNAÐUR	21
2.4 ÚRVINNSLA.....	22
3 NIÐURSTÖÐUR	22
4 UMRÆÐUR	25
HEIMILDASKRÁ	29
VIÐAUKI 1: SAMÞYKKISBLAÐ	31
VIÐAUKI 2: SVARBLAÐ MÆÐRA	32
VIÐAUKI 3: SVARBLAÐ BARNLAUSRA KVENNA	39

TÖFLUSKRÁ

TAFLA 1: FJÖLDI ÞÁTTTAKENDA	19
-----------------------------------	----

MYNDASKRÁ

MYND 1: ALDUR ÞÁTTTAKENDA	20
MYND 2: HLUTFALL MÆÐRA OG BARNLAUSRA	23
MYND 3: SVÖR MÆÐRA	23
MYND 4: SVÖR BARNLAUSRA KVENNA	24
MYND 5: SVÖR ALLRA ÞÁTTTAKENDA	24

FORMÁLI

Ég hef verið í tónlistarnámi stóran hluta ævi minnar og get ekki án tónlistar verið. Allt frá upphafi náms míns í þroskaþjálfraði við Háskóla Íslands hef ég haft áhuga á því hvernig tengja má tónlist við ýmis þroskaferli barna. Ég hafði áhuga á að tengja saman tónlistarnám mitt og nám mitt við í þroskaþjálfraðum en með það að leiðarljósi ákvað ég að kanna hvort hugsanleg tengsl væru á milli tónlistar og málþroska barna.

Ég vil þakka leiðbeinanda mínum, Helgu Rut Guðmundsdóttur, fyrir alla þá hjálp og þolinmæði sem hún hefur sýnt í tengslum við rannsókn mína og vinnu við þetta lokaverkefni. Þátttakendum í rannsókninni þakka ég kærlega fyrir aðstoðina, án þeirra væri engin rannsókn. Þá vil ég þakka vinum mínum og fjölskyldu fyrir óbilandi trú á mér, hvatningarorð og stuðning.

1 INNGANGUR

Í þessu verkefni mun ég fjalla um máltökuferli barna og skoða rannsóknir sem gerðar hafa verið í tengslum við tónlistarþroska og máltöku. Þá mun ég greina frá rannsókn á túlkun íslenskra kvenna á babbli og söng ungbarns sem hefur japönsku að móðurmáli.

1.1 TALMÁL SEM SAMSKIPTALEIÐ

Hvað er tungumál og hvernig er tengist það samskiptum og talmáli? Yfirleitt eru samskipti skilgreind sem aðstæður þar sem upplýsingum, hugmyndum og skilaboðum er miðlað á milli fólks. Öskur og grátur eru yfirleitt túlkuð sem merki um sársauka. Eins getur snerting og bros verið leið til að sýna skilning og samúð. Af þessu má dæma að samskipti geta átt sér stað án þess að nota málið. Skilaboðin komast alltaf á milli fólks á einn eða annan hátt .

Talmál er ein leið til samskipta. Það inniheldur ákveðið kerfi með táknum sem sett eru saman úr hljóðum sem ein og sér eru merkingarlaus, en samansett mynda þau orð. Fólk skiptist svo á orðum sem þau hafa sett saman til að tákna ákveðna meiningu eða tilfinningu eða annað sem þau vilja koma á framfæri. Orðaskipti geta farið fram í rödduðum hljóðum, skrifuðum orðum eða myndum, handahreyfingum eða upphleyptum punktum. Notkunarmöguleikar fara eftir þörfum hvers og eins. Börn sem eru að læra að hafa samskipti við aðra læra með tímanum að hægt er að láta aðra vita af tilfinningum, líðan eða öðru með því að nota eigin hljóð eða látbragð, til dæmis segja *o-ó* þegar dót dettur í gólfið eða benda til að biðja foreldrið að sækja dótið. Með tímanum ná börnin betri tókum á hljóðunum og eigin líkamshreyfingum og læra að samtvinna orðin í setningu sem hefur einhverja merkingu. Þegar barn hefur náð tókum á að setja saman tvö eða þrjú orð má segja að barnið sé byrjað að tala (Árni Böðvarsson, 1993; Bochner Price og Jones, 1998)

1.2 EÐLI TALMÁLS

Fyrsta afrek flestra nýfæddra barna er að gefa frá sér hljóð. Hljóðin geta verið allt frá smá kjökri upp í háværan grát. Þegar börnin komast á máltökualdur taka þau sérstaklega vel eftir ólíkum málhljóðum sem eru ríkjandi innan hvers tungumáls og með tímanum fer athygli þeirra að snúast æ meira að hljóðum móðurmálsins.

Við máltöku nota börnin þau máhljóð sem þau eru alin upp við og læra þannig móðurmál sitt. Í öllum tungumálum er ákveðinn fjöldi máhljóða sem er raðað saman eftir ákveðnum hljóðkerfisreglum. Hvert máhljóð er einstakt og ekkert þeirra er nákvæmlega eins (Ásdís Arnalds og Sólveig Einarsdóttir, 2010).

Málþroski er afar háður getunni að framkvæma mismunandi máhljóð, en þessi hæfileiki er til staðar allt frá fæðingu ungbarns. Talmál er flókin leið til samskipta og máltökufæri tekur í raun fjölmörg ár, allt frá frumbersku og fram yfir unglingsár. Til þess að ná fullum tókum á þessari tækni þarf barn á máltökualdri að greina og skilja það sem það heyrir þegar hljóð kemur frá öðru fólki. Barnið þarf auk þess að ná fullkomnum tókum á ýmsum öðrum sviðum sem snúa að greiningu hljóðanna og aðra þætti sem notaðir eru í talmáli (Barret, 1999).

Talmál má greina sem kóða þar sem máhljóð eru notuð og standa fyrir ákveðna merkingu orðs hverju sinni. Hægt er að greina máhljóð út frá nokkrum mismunandi sjónarhornum. Til dæmis má greina máhljóð út frá hljóðum sem lúta að framburði og hljóðmyndun eða út frá hljóðum sem lúta að heyrn og hljóðskynjun. Til að greina hljóð út frá framburði og hljóðmyndun er athyglinni beint að hreyfingu barkakýlis, koks, kjálka, tungu og annarra talfæra sem einstaklingur notar til að mynda hljóð. Hljóð sem lúta að heyrn og hljóðskynjun eru til dæmis greind með því að mæla tíðni, vídd, styrkleika og lengd hljóðsins (Ásdís Arnalds og Sólveig Einarsdóttir, 2010; Barret, 1999).

Hægt er að greina máhljóð á annan hátt. Hljóðan, eða fónem (e. *phoneme*) er það kallað þegar eitt einstakt máhljóð greinir eitt orð frá öðru. Til dæmis má nefna orðið *mús*. Þar er það fónemið /m/ sem greinir orðið frá öðrum orðum, til dæmis hús, lús og krús. Fónem er minnsta mállega eining sem hægt er að nota til að greina merkingu orðs (Ásdís Arnalds og Sólveig Einarsdóttir, 2010; Barret, 1999).

1.3 ÞRÓUN MÁLÞROSKA OG SAMSKIPTA Á FORMÁLSSTIGI

Málþroski er misjafn eftir einstaklingum. Allt að fimmfaldur munur getur verið á málþroska tveggja ára barna. Þannig geta þau börn sem lengst eru komin í málþroska kunnað allt að 550 orð og þau sem styst eru komin í málþroskanum kunnað tæp 100 orð. Þrátt fyrir þennan mikla mun hjá börnunum er atburðarásin eins hjá öllum börnum um allan heim (Berger, 2011).

Nákvæmar rannsóknir hafa sýnt fram á að samskipti fullorðinna einstaklinga við börn eru mjög frábugðin samskiptum milli tveggja fullorðinna einstaklinga. Þannig beita fullorðnir rödd sinni öðruvísi í samskiptum sínum við börn, nota hærri tón, einfaldari orð og tala hægar. Þessi talsmáti er kallaður barnamiðað tal (e. *child-directed speech*) og ýta undir málþroska barna (Berger, 2011).

Þegar lýsa á helstu þáttum málþroska hjá börnum er best að skipta ferlinu niður í flokka: hljóðkerfi, orðasafn og setningu. Hljóðkerfi samanstendur af þeim hljóðum og hljóðkerfum sem móta talmál og orðasafn segir til um orð og merkingu þeirra. Þar sem orð eru sameinuð og mynda saman setningu er talað um uppbyggingu um setningar. Saman segja þessir flokkar til um færni einstaklings til tals (Hoff, 2007).

Hægt er að skipta tímabilinu þar sem ungbörn eru á formálsstigi niður í fjögur stig eftir aldri; það er nýburastig, 2-3 mánaða, 3-8 mánaða og 8 mánaða og eldri. Fjölmargar rannsóknir hafa verið gerðar á samskiptum barna á nýburastigi að þriggja mánaða aldri og á samskiptum 12-15 mánaða barna. Lítið hefur hins vegar verið fjallað um þau stig sem eru á milli þriggja og tólf mánaða aldurs (Hoff, 2007). Hér á eftir verður greint nánar frá þessum stigum og þeirri þróun sem verður eftir því sem barnið verður eldra.

1.3.1 NÝBURASTIG

Rannsóknir hafa sýnt að strax við fæðingu hafa nýburar áhuga á fólki, þá sérstaklega þeim svipbrigðum og raddblæ sem fólk notar í samskiptum sínum og það bendir til þess að börnin hafi meðfædda tilhneigingu til að hafa samskipti við aðra. Þá hafa rannsóknir sýnt fram á að nýburar greina mannfólk frá öðrum verum og hlutum og gera greinarmun á mannrödd og öðrum hljóðum (Berger, 2011; Menn og Stoel-Gammon, 2005; Reddy, 1999).

Segja má að börn hefji málþroskaferli sitt við fæðingu. Strax í móðurkviði hafa nýburar fengið að venjast ýmsum hljóðum sem berast til þeirra. Börnin læra jafnvel að þekkja hrynjandann í tungumáli móður sinnar og greina á milli tungumála ef móðir talar fleiri en eitt tungumál. Börnin gera einnig greinarmun á rödd móður sinnar og rödd annarra og sýna mismunandi viðbrögð við talmáli fólks annars vegar og öðrum hljóðum sem fólk gefur frá sér hins vegar. Meðal fyrstu hljóða sem nýburar nota til að hafa tjáskipti, eru grátur, hósti og ropi en auk

Þess geta sérhljóðar myndast hjá börnunum. Geta nýbura til að gefa frá sér hljóð er alfarið háð líffærafræðilegri byggingu hvers og eins. Talfæri nýbura má bera saman við talfæri ómennskra primata þar sem munnhol er lítið og tungan fyllir þar nánast upp í allt plássið. Barkakýli barnanna liggur mjög hátt og aðeins lítið pláss skilur að milli munn- og nefhols. Þessi staða dregur mjög úr möguleikum á myndun hljóða. Á fyrstu mánuðum frá fæðingu barnsins munu höfuð og háls barnsins stækka mikið og þar með munu möguleikar barnsins til að mynda mismunandi hljóð aukast verulega (Berger, 2011; Menn og Stoel-Gammon, 2005; Reddy, 1999).

1.3.2 2-3 MÁNAÐA

Þrátt fyrir að nýburar sýni áhuga á andlitum og röddum fólks er það ekki oft sem foreldrar taka eftir þessum tilburðum og túlka sem virk samskipti. Ekki er auðvelt að vera viss um að barn sé að herma eftir foreldrum sínum í öðrum aðstæðum en þeim þegar foreldrið er markvisst að kalla fram viðbrögð eins og til dæmis bros hjá barninu. Helst herma börn eftir tunguhreyfingum foreldra sinna, en ekki er algengt að foreldrar reyni að kalla fram slíkar hreyfingar hjá barninu nema ef foreldrar hafa veitt þessum tilburðum sérstaka athygli og vilja prófa sig áfram (Reddy, 1999).

Þegar barnið er orðið 8-10 vikna hefur það tekið hægun en augljósum framförum í samskiptahæfni og ekki síður frumkvæði og viðbrögðum. Á þessum aldri fer barnið að gefa frá sér hjal (e. *cooing*) til að merkja vellíðan, gráta til að merkja vanlíðan og gefa frá sér ýmis önnur hljóð. Hljóðin myndast aftast í munnholinu og hljóma sem sérhljóðar (Berger, 2011; Bochner o.fl., 1998; Menn og Stoel-Gammon, 2005; Reddy, 1999).

Á þessu aldurstigi fara börn að brosa. Það er yfirleitt stór og jafnvel tilfinningaleg stund þegar barn brosir fyrst til foreldra sinna, en brosið markar upphaf þess að barn sýnir að það hefur raunverulegan áhuga á öðru fólki. Barnið fer einnig að sýna frumkvæði í samhengi við ýmsar athafnir og sýnir viðbrögð með öllum líkamanum. Þetta gerir barnið á meðan samskipti eiga sér stað til dæmis við foreldri. Þessi framför hefur oft verið kölluð for-samræður (e. *proto-conversations*) og er þar vísað í skyldleika þeirra við munnleg samskipti fullorðinna (Bochner o.fl., 1998; Menn og Stoel-Gammon, 2005; Reddy, 1999).

For-samræður koma ekki fram sem stök hegðun. Ef bros nýbura er tekið sem dæmi, myndast það eingöngu í samhengi við aðrar hreyfingar á borð við teygjur hjá barninu og í samhengi við bros eða hljóð frá foreldri barnsins. Barnið hermir því ekki eftir foreldrinu, foreldrið hermir frekar eftir barninu og foreldrið stjórnar ekki alltaf tjáningu barnsins. Barnið sýnir mun meira frumkvæði í samskiptum við óvirkt foreldri. Þegar barnið er orðið 2-3 mánaða sýnir það augljósa samhæfingu tilfinninga og athygli og samskiptum er frekar stjórnað af tilfinningum frekar en vitneskju. Þar að auki hefur barnið ekki eingöngu öðlast hæfileika til að leita uppi og viðhalda samskiptum, heldur hefur það öðlast hæfileika til að forðast samskipti og lært að hægt er að stjórna viðbrögðum annarra (Bochner o.fl., 1998; Menn og Stoel-Gammon, 2005; Reddy, 1999).

Þegar barnið er 2-3 mánaða svara foreldrar börnunum sínum gjarnan eins og barnið sé að segja foreldri sínu mikla og innihaldsríka sögu, til dæmis á meðan barnið fær að borða eða á meðan verið er að hugga barn sem grætur. Oft á tíðum gera foreldrar sér þó ekki grein fyrir því hversu mikilvæg þessi fyrstu stig eru fyrir málþroska í framtíðinni (Bochner o.fl., 1998; Menn og Stoel-Gammon, 2005; Reddy, 1999).

Lítill vafi leikur á því að for-samræður barns á þessum aldri sýna fram á að barnið er að verða virkur þátttakandi í fjölskyldulífinu. Enn er þó deilt um það hvort barnið stofni viljandi til samskipta við foreldri sitt. Þroskasálfræðingar hafa sett fram rök gegn því að samskipti barns á þessum aldri geti verið raunveruleg. Sálfræðingarnir segja að engar haldbærar upplýsingar séu til staðar nema upplýsingar frá foreldrum um áhrif á þá. Þeir halda því fram að engar sannanir séu fyrir því að barnið geri sér grein fyrir því að aðrir skilji vilja barnsins til samskipta. Að lokum færa þeir þau rök frá félagslegu sjónarmiði að vilji til að hafa samskipti geti ekki verið meðfæddur og hljóti að vera áhrifaþáttur frá foreldrum. Ekkert af þessum rökum skýrir þó hversu næmir foreldrar eru fyrir samskiptavilja barna sinna svo snemma á lífsleiðinni (Reddy, 1999).

Alan Fogel, þroskasálfræðingur, segir að samskipti séu yfirleitt ekki til komin vegna einhvers sem hefur verið ákveðið fyrirfram heldur séu þau frekar til komin vegna stöðugrar þróunar á viðbrögðum við athöfnum annarra. Frá slíku sjónarhorni mætti álykta að samskiptavilji barna og fullorðinna væri í stöðugri endurmótun á meðan á samskiptunum stendur en ekki áður en ferlið hefst (Reddy, 1999).

1.3.3 4-8 MÁNAÐA

Á þessum aldri nota börn tímann til að kanna raddgetu sína. Þau gefa ýmist frá sér öskur eða hvísl, há eða lág hljóð og kanna þannig raddsvið sitt. Þegar börn hafa náð tökum á samskiptum við aðra og raddgetu sinni fara þau að sýna umhverfi sínu meiri áhuga. Þetta nýja áhugamál barnsins, ásamt meira öryggi í beinum samskiptum við aðra, leiðir oft til aukins ákafa í samskiptunum. Foreldrar fara að taka þátt í leik barnsins og til að ná athyglinni aftur tekur foreldrið oft til taktfastra hljóða og breytir skyndilega um takt eða endi. Raunar er hegðun á borð við þessa talin virka best til að kalla fram hlátur hjá barninu, hvort sem um ræðir hljóð, sjónræna athygli eða snertingu. Það að þurfa að hafa fyrir því að ná að fanga athygli barnsins aftur ýtir undir þróun og notkun á léttum barnalögum og uppákomum. Með þessum leik er foreldrið ósjálfrátt að kynna fyrir barninu tæknina að skiptast á (Bochner o.fl., 1998; Menn og Stoel-Gammon, 2005; Reddy, 1999).

Við sex mánaða aldur er geta barnsins til að mynda hljóð orðin jafngóð og geta fullorðins einstaklings. Auk þess hefur sex mánaða barn öðlast hæfileika til að greina á milli nánast allra þeirra hljóða sem notuð eru í talmáli. Ungbörn byrja einnig að mynda máhljóð löngu áður en börnin byrja að tala (Hoff, 2007).

Barnið fer á þessum tíma að leita í auknum mæli eftir skemmtilegum leikjum með foreldrum sínum og um átta mánaða aldur fer barnið að vilja leika aðalhlutverkið í leiknum. Sem dæmi má nefna þegar barn felur sig sjálft á bak við stól eða eigin hendur í léttum feluleik og kíkir svo af og til í von um að fá viðbrögð frá foreldrinu. Barnið finnur einnig sjálft upp á leikjum þar sem viðbrögð foreldrisins vekja kátínu barnsins og barnið endurtekur það sem kallaði fram viðbrögðin í von um að fá sömu skemmtilegu viðbrögð. Það eru því ekki eingöngu með leikjum sem barnið tileinkar sér og lærir reglurnar heldur eru það hinar miklu breytingar sem verða í atferli foreldrisins í leiknum, til dæmis lætin sem verða þegar barnið kíkir fram hjá stólnum og þörfin fyrir að prófa þetta nýja atferli (Menn og Stoel-Gammon, 2005; Reddy, 1999).

1.3.4 8 MÁNAÐA OG ELDRI

Eins og fram kom í kafla 1.3.2 hefur barn allt frá 2-3 mánaða aldri öðlast hæfileika til að kalla eftir athygli hjá öðrum með því að bregðast við augnsambandi og jákvæðri athygli með brosi og babbli. Með tímanum þróast

Þessi viðbrögð út í köll sem verða aðgreinanleg og skýr eftir því sem tíminn líður. Barnið virðist þó ekki enn hafa öðlast færni til að vera sjálfu sér nægt og allt sem það gerir er enn háð því að aðrir taki þátt. Nokkrum mánuðum fyrir eins árs afmæli barnsins kviknar áhugi á að skiptast á hlutum við aðra og fanga athygli annarra með skrípalátum eða jafnvel að stríða öðrum. Á þessum aldri hljóma börn í fyrsta skipti eins og þau séu að reyna að mynda orð og byrja að setja saman sér- og samhljóða. Oft koma orð eins og *mamma* og *babba* og foreldrar túlka orðin þannig að barnið hafi nú byrjað að kalla á mömmu og pabba. Yfirleitt er það þó ekki raunin þar sem ekkert bendir til þess að orðin hafi raunverulega merkingu. Stundum eru smáorð af þessu tagi flokkuð sem endurtekið babbl, það er röð af líkum atkvæðum (*ma-ma-ma*) eða fjölbreytt babbl, þar sem samhljóðar eru líkir (*ba-gi-da-bu*). Orðin *mamma* og *babba* eru því í raun ekki flokkuð sem raunveruleg orð. Á meðan barnið fer smám saman að mynda orð notar það heyrnina til að hlusta á eigin rödd og rödd þeirra sem eru í kringum það og þróa þannig eigin orð (Menn og Stoel-Gammon, 2005; Reddy, 1999).

Þegar börnin eru orðin eldri en tíu mánaða fara þau að komast á fyrstu stig þess að geta talað. Málið einkennist af röðum hljóða og atkvæða sem eru tjáð með mismunandi áherslum og hljómbælum. Þessi tegund máls er stundum kölluð samtalsbabbl (e. *conversational babble*) (Menn og Stoel-Gammon, 2005).

1.4 SAMBAND MILLI BABBLS OG TALMÁLS UNGBARNA

Á fyrstu tólf mánuðum barns verður mjög mikil breyting á þeim hljóðum sem barnið getur notað. Fyrstu sex mánuðina er myndun sérhljóða áberandi og samhljóðar myndast aftast í hálsinum. Með tímanum færast samhljóðarnir frammar í munnholið, þó sérstaklega /m/, /b/ og /d/ og þegar barnið verður eldra eykst tæknin til að framkvæma hljóð svo um munar. Þetta á við um öll tungumál sem töluð eru. Rannsóknir hafa sýnt fram á að hljóðin sem ungbarn myndar eru öll afar lík óháð móðurmáli barnsins (Menn og Stoel-Gammon, 2005).

Fyrr á tíðum var talið að ungbörn gætu babblað öll möguleg hljóð og á milli babbls og talmáls kæmi tímabil sem einkenndist af þögn. Rannsóknir seinni tíma hafa þó sýnt fram á annað. Það er þó ekki útilokað að börn gangi í gegnum þagnartímabil á milli babbls og talmáls. Þegar börn fara að myndast við að tala, hverfur babblið ekki að fullu fyrr en eftir nokkra mánuði. Framburður sumra barna fellur á milli babbls og talmáls. Draga má þá ályktun að það gerist vegna

Þess að þau blanda babbli saman við orðin eða vegna þess að babblið þeirra samanstendur af hljóðum sem hljóma eins og orðin (Menn og Stoel-Gammon, 2005).

1.5 TÓNLIST OG TALMÁL

Í meira en 200 ár hefur verið deilt um hvort tónlist og talmál hafi þróast í sameiningu eða í hvort í sínu lagi og ef hið síðarnefnda er rétt, hvort kom á undan. Enski náttúruvísindamaðurinn Charles Darwin hélt því fram að forfeður okkar hafi notað takta og hljóð í tilhugalífínu. Hljóðin og taktinn notuðu þeir þó ekki eingöngu til að tjá ást sína, heldur einnig til að tjá aðrar tilfinningar, svo sem afbrýðisemi, reiði og sigurgleði. Út frá þessum hljóðum sagði Darwin að talmál hafi myndast. Samtímamaður Darwins, enski fræðimaðurinn Herbert Spencer, var ekki sammála kenningu Darwins og hélt því fram að tónlist væri til komin í kjölfar tilfinningatengds tals. Aðrir fræðimenn jafnt sem rithöfundar héldu því ýmist fram að tónlist og talmál hafi þróast saman eða að tónlist væri eingöngu tilviljanakennd afurð þess að hafa heyrn (Sacks, 2008).

Talmál er ekki eingöngu samsetning ákveðinna orða í viðeigandi röð, heldur inniheldur talmál ákveðinn takt, ris og hnig raddarinnar auk hljómfalls. Saman mynda þessir eiginleikar ákveðna laglínu. Tónlist og talmál eru bæði háð myndun máhljóða frá raddböndum sem eru ófullkomin hjá öðrum spendýrum en manningum (Sacks, 2008).

Margt bendir til þess að tónlistariðkun ýti undir málþroska, eins og fram hefur komið. Tónlistin krefst þess að iðkandinn geti skynjað og haft stjórn á tónunum eins og máhljóðunum. Í talmáli eru þó notuð skipulögð hljóðmynstur sem ekki eru byggð á tónmyndunum. Til dæmis má nefna máhljóð sem eru skrifuð á einn veg, en eru mismunandi eftir þeim hljómlæ sem notaður er (Patel, 2009).

1.5.1 SKYNJUN OG TÚLKUN HLJÓÐA

Síðustu áratugi hafa rannsóknir í taugafræði tónlistarinnar að mestu leytir snúist um að kanna tilvist sérhæfðra vitsmuna og taugafræðilegra kerfa, sem felast í vinnslu tónlistar. Sífellt fleiri fræðimenn færa rök fyrir því að þjálfun tónlistar og tónlistarhæfileikar endurspeglar í tungumálakunnáttu fólks. Til dæmis geta tónlistarhæfileikar sagt til um getu einstaklings til að skynja og framkvæma

málhljóð sem eru illgreinanleg í öðrum tungumálum en móðurmáli sínu (Patel, 2009).

Enn eru vangaveltur uppi um hvort rekja megi þessa hæfileika beint til aukinnar einbeitingar og virkni, sem er ávinningur af tónlistarþjálfun, eða hvort það séu frekari tengingar milli málþroska og tónlistar. Gerðar hafa verið rannsóknir þar sem hið síðarnefnda hefur verið rannsakað með því að kanna hvernig taugar í heilastofni bregðast við tónlist. Niðurstöður þeirra sýna að tónlistarhæfileikar eða tónlistarþjálfun skerpir á getu heilans til að vinna úr málhljóðum mjög snemma í þroskaferli barna (Patel, 2009).

Árið 2007 framkvæmdu Gabriella Musacchia og Patrick Wong tvær mismunandi rannsóknir ásamt teymi fræðimanna. Í rannsóknunum var notaður heilariti til að skoða viðbrögð í heilastofni við málhljóðum á borð við *da* þar sem engin ákveðin tónhæð var notuð. Niðurstöður rannsókna leiddu í ljós að heili tónlistariðkenda bregst hraðar við hljóðunum en heili annarra. Þá kom einnig í ljós að þegar málhljóðið var spilað fyrir þátttakendur með myndbandi af andliti sem sagði hljóðið styttist viðbragðstíminn hjá öllum þátttakendum. Viðbragðstími tónlistariðkenda var í öllum tilfellum styttri en hjá öðrum. Hugsanlega má líta svo á að taugaviðbrögð tónlistariðkenda séu samstilltari sem bendir til þess að hljóðskynjun þeirra er afar nákvæm. Þessi mikla nákvæmni getur verið einn hlekkur í keðjunni þar sem ávinningur tónlistariðkunar kemur fram í betri möguleikum á málþróun (Patel, 2009).

1.5.2 ÚRVINNSLA TÓNFALLS Í FRAMBURÐI

Flestir aðgreina auðveldlega mismunandi skær eða djúp hljóð, til dæmis ef sama laglína væri spiluð á pikkolóflautu og túbu. Sá hæfileiki að geta skynjað afstæða tónhæð er mannfólki eðlislægur, en rannsóknir á öðrum lífverum sýna að þetta er ekki algengur hæfileiki. Til dæmis hafa rannsóknir á öðrum prímötum og flestum fuglategundum leitt í ljós, að dýrin nota sveiflutíðni til þess að greina tónhæð hljóða. Til þess að þessi dýr geti greint afstæða tónhæð almennilega þyrfti að þjálfra þau sérstaklega. Þessi sérstaða mannsheilans, að geta greint afstæða tónhæð, er mannfólki afar mikilvæg þar sem mikil þörf er á þessum hæfileika í töluðu máli. Sá sem hlustar þarf að geta greint svipuð hljómföll þegar tónhæð talmáls breytist, til dæmis má nefna þegar um er að ræða spurningu í ensku talmáli, þar sem tónninn hækkar í lok spurningarinnar (Patel, 2009).

Tónfall í framburði er mikilvægur þáttur í túlkun á tónlist jafnt sem töluðu máli á ákveðinn hátt. Tónfall í framburði er eitt það fyrsta sem ungbörn skynja þegar þau eru kynnt fyrir tónlist. Þá reiða fimm ára börn sig mjög mikið á tónfallið þegar þau hlusta á tónlist eða spila á hljóðfæri. Þar sem tónfallið spilar svo stórt hlutverk í allri tónlist og töluðu máli má velta fyrir sér hvort hljóðin verða til á svipuðum stöðum í heilanum og í báðum heilahvelum. Aniruddh Patel, doktor í heila- og taugavísindum og tónlistarmaður, var fyrstur til að framkvæma rannsókn til að kanna þetta nánar. Þátttakendur voru tveir einstaklingar sem misst höfðu hæfileikann til að skynja tónlist og tónhæð í framburði eftir að hafa orðið fyrir heilaskaða. Patel lét þátttakendur greina á milli tveggja setningarpara þar sem eini munurinn var tónhæð setningarinnar. Annars vegar var um að ræða setningu þar sem tónhæðin hækkaði í lok setningar og hins vegar setningu þar sem tónhæðin breyttist innan setningarinnar. Einstaklingarnir voru einnig látnir greina tónhæð í hljóddæmum. Patel komst að þeirri niðurstöðu að báðir einstaklingar greindu tónhæð setninganna á svipaðan hátt og tónhæð hljóddæmanna. Þetta bendir til þess að úrvinnsla hljóðanna á sér stað í báðum heilahvelum. Önnur rannsókn sem Patel framkvæmdi leiddi í ljós að einstaklingar, sem af náttúrulegum orsökum hafa ekki hæfileika til að skynja tónlist og tónhæð í framburði, eiga ekki í erfiðleikum með að greina í sundur setningar með mismunandi tónfalli í framburði. Til samanburðar áttu einstaklingarnir erfitt með að greina setningaraðir með mismunandi tónhæðum (Patel, 2009).

1.5.3 ÚRVINNSLA HENDINGA

Tónlist jafnt sem talmál er byggð upp á stigaskiptum röðum sem byggjast upp á samsettum meginreglum, það er í báðum tilfellum er byggt á vissan hátt á setningum eða hendingum, sem flestir skilja og geta aðgreint. Það er þó ekki þar með sagt að tónlist og talmál séu eins, þar sem það er margt sem skilur hvort tveggja að og fyrrgreind setningabygging er afar ólík. Til dæmis getur tónlistin ein og sér ekki sagt til um hver er sekur eða saklaus svo dæmi sé tekið, en blæbrigði hennar geta sagt lauslega til um hvað gerðist eða hvernig andrúmsloftið er. Auk þess hefur talmálið málfræði til að styðjast við. Í staðinn er tónlist byggð þannig upp að notast er við sjö mismunandi tóna sem settir eru fram á mismunandi vegu. Tónarnir eru settir saman á ákveðinn hátt til að byggja upp hendingu og búa til mynstur með ákveðinni spennu eða úrlausn (Patel, 2009).

Áður fyrr var notast við niðurstöður taugarannsóknna til að segja til um sjálfstæða byggingu talmáls og tónlistar í heilanum. Rannsóknir á taugafræði tónlistarinnar sýndu sérstaklega fram á skýra aðgreiningu á myndun setninga eða hendinga í tónlist og talmáli í kjölfar heilaskaða. Rannsókn sem gerð var á manni sem hafði orðið fyrir heilaskaða í gagnaugablaði leiddi í ljós að hann hafði misst hæfileika sinn til að skynja tóna, jafnvel þó að almenn geta hans til að skynja tónhæð væri enn til staðar (Patel, 2009).

Það er ljóst að tónlist getur átt margt sameiginlegt með þróun talmáls ef litið er á aðgreindar tegundir upplýsinga á borð við laglínu til móts við tónfall í framburði. Rannsóknir á þessu sviði eru þó aðeins á byrjunarstigi og þær upplýsingar sem fengist hafa úr rannsóknum sem gerðar hafa verið, gefa ekki nógu skýra mynd á viðfangsefninu til að sanna eða afsanna kenningar eða leysa úr ágreiningi. Niðurstöður rannsókna hafa þó stuðlað að auknum skilningi á getu mannsins til að skynja og fá skilning í hljóð (Patel, 2009).

1.6 ÁHRIF TÓNLISTARNÁMS OG HLUSTUNAR Á TÓNLIST

Ekki er hægt að bera áhrif tónlistarnáms saman við hlustun á tónlist. Talið er að tónlistarnám hafi ekki eingöngu varanleg áhrif á úrvinnslu hljóða, heldur hafi hún einnig áhrif á sjón, orðaminni og greindarvísitölu (Fujioka, Ross, Kakigi, Patnev og Trainer, 2006). Þá hafa rannsóknir sýnt að aðeins stutt nánd við klassíska tónlist geti örvað rýmis- og tímaskynjun fólks (Sacks, 2008).

Þessi áhrif eru kölluð Mozart áhrif en margir fræðimenn hafa efast um raunverulegt gildi þeirra (Sacks, 2008). Fyrstu rannsóknirnar um þessi áhrif voru gerðar árið 1993 þegar hópur háskólanema hlustaði á píanósónötu eftir W.A. Mozart. Til samanburðar hafði annar hópur hlustað á þögn eða fengið annars konar örvun í jafn langan tíma. Þegar tíminn var liðinn tóku nemendurnir greindarpróf. Niðurstöður sýndu að hópurinn sem hlustað hafði á píanósónötuna fékk aðeins örlítið fleiri stig en hinir hóparnir. Til eru hljómdiskar, vefsíður, greinar í vísindatímaritum og bækur sem telja lesandanum trú um að öll klassísk tónlist, þó sérstaklega tónlist eftir Mozart, geti stórbætt stærðfræðikunnáttu og meðaleinkunn á samræmdum prófum. Að auki á tónlistin að breyta börnum í stórkostlega uppfinningamenn á borð við Einstein. Þrátt fyrir fullyrðingar um tilveru þessara áhrifa eru engar sannanir fyrir því að klassísk tónlist bæti rýmis- og tímaskynjun barna eða nokkurn annan hæfileika til lengri tíma. Fjölmargar

rannsóknir hafa verið gerðar um Mozart áhrifin síðan fyrsta rannsóknin var framkvæmd og allar sýna þær fram á að áhrifin eru lítil og vara aðeins í stuttan tíma frá því að tónlistin var spiluð (Pietschnig, Voracek og Formann, 2010; Rauscher, 2002)

Í Kanada var gerð rannsókn á áhrifum tónlistarnáms á börn. Niðurstöður leiddu í ljós augljósa breytingu á vinstra heilahveli barna sem höfðu lært á fiðlu í eitt ár í samanburði við börn sem ekki höfðu lært á hljóðfæri (Fujioka o.fl., 2006; Sacks, 2008). Þátttakendur í rannsókninni voru 12 börn á aldrinum 4 til 6 ára sem fylgst var með í eitt ár. Hópnum var skipt í tvennt eftir því hvort börnin höfðu fengið tónlistarkennslu eða ekki. Þau börn sem spiluðu á hljóðfæri voru öll í námi sem byggðist á Suzuki-hugmyndafræðinni. Fylgst var með börnunum í 3-4 mánuði í einu með heilaritum sem mældu viðbrögð í heila við fiðlutón annars vegar og háværu hljóði hins vegar. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu að þau börn sem höfðu fengið tónlistarkennslu sýndu meiri viðbrögð í vinstra heilahveli við fiðlutóninum heldur en þau börn sem ekki stunduðu tónlistarnám. Viðbrögð við háværa hljóðinu voru líkari á milli hópa. Munur var á milli hópanna í upphafi rannsóknarinnar, en þegar rannsókninni var lokið hafði bilið á milli þeirra aukist verulega. Hægt er að tengja þennan mun við framfarir tónlistarnemenda. Einnig má tengja niðurstöður tónlistarnemendanna við niðurstöður mælinga sem höfðu verið gerðar á fullorðnu tónlistarfólki. Tónlistarkennsla hefur því mikil áhrif á þróun úrvinnslu hljóða hjá börnum (Fujioka o.fl., 2006)

1.7 RANNSÓKNIR Á BABBLI OG SÖNG UNGBARNA

Mayumi Adachi, prófessor í tónlistarsálfræði við Hokkaido háskóla í Japan, hefur rannsakað hvort samskipti mæðra við ung börn geti haft áhrif á notkun munnlegra fyrirmæla við börnin. Rannsókninni var ætlað að leiða í ljós hlutverk samskipta við börn, í samræmi við túlkun mæðranna á söng eða babbli barns. Mæðrum sem tóku þátt í rannsókninni var skipt í hópa eftir því hversu virkar þær voru í að syngja fyrir eða tala við eigið barn eða þau börn sem þær umgengust, ef um var að ræða barnlausar konur. Niðurstöður rannsóknarinnar leiddu í ljós að þær mæður sem voru virkar í samskiptum við börnin sín notuðu flestar munnleg fyrirmæli reglulega á meðan þær sem voru minna virkar í samskiptum notuðu sjaldan slík fyrirmæli. Adachi framkvæmdi einnig rannsókn til að kanna hvort japanskar konur túlki babbl japansks ungbarns sem söng eða tal (Adachi, 2011). Rannsóknin

er samstarfsverkefni milli nokkurra landa og leiðbeinandi minn fékk rannsóknargögnin í hendur frá Adachi, til að leggja rannsóknina fyrir hér á landi.

2 AÐFERÐ

Tilgangurinn með rannsókninni var að kanna hvort íslenskar konur geri greinarmun á babbli og söng japansks ungbarns. Óskað var eftir kvenkyns sjálfboðaliðum, sem buðu sig fram til að hlusta á upptöku sem spiluð var af hljómdisk og innihélt hljóðdæmi sem innihéldu rödd japansks drengs sem ýmist var að babbla eða syngja.

2.1 ÞÁTTTAKENDUR


Þátttakendur voru konur sem ýmist voru nemendur við Háskóla Íslands eða konur sem þekktu rannsakandann persónulega. Í töflu 1 má sjá lista yfir hversu margar konur voru boðaðar hverju sinni, hversu margar mættu og hlutfall í prósentum. Alls hafði verið gert ráð fyrir þátttöku 79 kvenna. 33 mættu til að taka þátt, eða 42%.

Sumir þátttakendur, sem höfðu verið boðaðir, létu ekki vita að þeir kæmust ekki fyrr en eftir tímann sem þær höfðu verið boðaðar og voru því boðaðar aftur ef leyfi gafst fyrir því. Inn í tölu boðaðra eru sumir því taldir oftari en einu sinni.

Nafn hóps	Dags.	Boðaðar	Mættar	%
A	20. janúar 2012	15	8	53%
B	20. janúar 2012	11	3	27%
C	26. janúar 2012	6	4	67%
D	3. febrúar 2012	7	7	100%
E	23. febrúar 2012	40	11	28%
Samtals		79	33	42%

Tafla 1: Fjöldi þátttakenda

Á mynd 1 má sjá aldursdreifingu þátttakenda.



Mynd 1: Aldur þátttakenda

Þátttakendur voru allt konur á aldrinum 18-61 árs. Konurnar voru ýmist mæður eða barnlausar. Yngstu þátttakendurnir voru 3, 20 ára og yngri og elstu voru 4, 51 árs og eldri. Flestir þátttakendur voru á bilinu 21-30 ára.

Rannsakandi hafði nafnalista hjá sér til að merkja við hverjir mættu og hvort þátttakendur væru mæður eða barnlausar konur. Þess var þó gætt að nöfn þátttakenda komu hvergi fram á könnuninni sjálfri. Í staðinn var hverjum þátttakanda gefið númer, sem skrifað var á spurningalista hvers og eins eftir því í hvaða röð þátttakendur skiluðu svörum sínum. Númerin röðuðust því þannig að sú sem skilaði fyrst í hópi A fékk númerið 1 á spurningalistann sinn sína og sú sem skilaði síðust í hópi E fékk númerið 33.

2.2 GAGNASÖFNUN

Auglýst var eftir sjálfboðaliðum með einkaskilaboðum til allra kvenkyns nemenda Háskólans og með persónulegum skilaboðum á *Facebook* samskiptavefnum. Auk þess var óskað eftir sjálfboðaliðum sem höfðu tök á að sitja lengur eftir kennslustundir sem þeir sátu með rannsakanda. Sjálfboðaliðar sem ekki sátu kennslustundirnar sendu rannsakanda tölvupóst eftir að hafa fengið senda tilkynningu og boðuðu komu sína. Þegar óskað var eftir sjálfboðaliðum var gert ráð fyrir því að hluti þeirra ætti börn og í tilkynningunni var því ekki tekið sérstaklega fram hver skilyrðin voru til þátttöku. Skilyrðin höfðu þegar verið sett, þegar tilkynningin var eingöngu send til kvenna.

Alls voru haldnar fimm hlustanir á tímabilinu 20. janúar til 23. febrúar 2012, flestar í kennslustofu í Listgreinahúsi Háskóla Íslands við Skipholt. Ein hlustun fór fram í kennslustofu í húsnæði Menntavísindasviðs Háskólans. Borðum

í kennslustofunni hafði verið raðað eins og um próf væri að ræða. Þegar þátttakendur voru mættir var kennslustofunni lokað og læst, svo ekki væri hætt á að utanaðkomandi áreiti truflaði hlustunina. Þátttakendur fengu allir samþykkisblað í hendur til undirskriftar, þar sem fram kom hverjir rannsakendur væru, hver tilgangurinn væri með rannsókninni og aðrar almennar upplýsingar um rannsóknina. Afrit af samþykkisblaðinu má sjá í viðauka 1. Þegar samþykkisblöðum hafði verið safnað og þátttakendum afhentur viðeigandi spurningalisti, var lesið yfir forsíðu spurningalistans með þátttakendum og ferli hlustunarinnar útskýrt nánar. Að því loknu var hljómdiskur með tveimur æfingardæmum spilaður. Æfingardæmin gáfu glögga mynd um hvernig hljóddæmin voru í raun. Þegar æfingardæmunum var lokið var gefið tækifæri til að spyrja spurninga og síðan var fyrri hljómdiskur hlustunarinnar settur af stað. Diskurinn var spilaður í hljómtækjasamstæðu sem var fyrir í stofunni og hljóðstyrkur hafði verið stilltur fyrir komu þátttakenda. 25 hljóddæmi voru á hverjum disk, svo að þegar 25 hljóddæmi höfðu verið spiluð, var seinni hljómdiskurinn settur í tækið og hlustuninni haldið áfram. Á meðan á skiptunum stóð gafst þátttakendum tækifæri til að spyrja spurninga ef eitthvað var enn óljóst. Þegar seinni hljómdiskurinn hafði verið spilaður fengu þátttakendur tíma til að svara spurningum aftast í spurningalistanum. Að því loknu var svörum skilað til rannsakanda sem hélt þeim til haga í þar til gerðri möppu. Rannsóknin fór eins fram að öllu leyti fyrir alla þátttakendur, að staðsetningu frátalinni.

2.3 ÚTBÚNAÐUR

Spurningalistar rannsóknarinnar voru tveir og var þeim skipt eftir því hvort þátttakendur áttu börn eða voru barnlausar. Hver listi innihélt alls 50 spurningaliði sem allir tengdust hljóddæmum, sem spiluð voru af hljómdisk. Auk þess voru níu bakgrunnsspurningar aftast um aldur þátttakenda, reynslu þeirra af börnum, tónlist og menntun. Einnig var spurt um samskipti mæðra við eigið barn eða reynslu barnlausra af samskiptum við börn. Í viðauka 2 og 3 má sjá spurningalistana. Alls var hver spurningalisti sjö blaðsíður að forsíðu, upplýsingum um framkvæmd og tveimur æfingadæmum, meðtöldu. Hlustunin tók um 15 mínútur og þátttakendur höfðu frjáls tímamörk til að svara bakgrunnsspurningunum, en flestir voru búnir að skila innan 30 mínútna.

